# REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025.**

1. gr.

Í töflu í 2. gr. reglugerðarinnar er gerð breyting, svohljóðandi:

| **Tegund** | **Leyfilegur heildarafli** | **Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)** | **Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar** |
|---|---|---|---|
| **8. Djúpkarfi** | 3.800 | 201 | 3.599 |

2. gr.

2. tl., Rækja á grunnslóð, í töflu í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

| **Tegund/svæði** | **Leyfilegur heildarafli** | **Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)** | **Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar** |
|---|---|---|---|
| **2. Rækja á grunnslóð** | **169** | **9** | **160** |
| Arnarfjörður | 169 | 9 | 160 |
| Ísafjarðardjúp | 0 | 0 | 0 |

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

a. Á eftir orðinu "hlýra" í 1. málsl. 1. mgr. kemur: grásleppu.
b. Við bætist nýr málsliður í 2. mgr. sem verður 2. málsl., svohljóðandi: Krókaaflamarksbátum er heimilt að stunda hrognkelsaveiðar í net.
c. 2. málsl. 2. mgr. verður 3. málsl.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 21. nóvember 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.